

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður
Daníel Júlíusson (Grunnskólinn)
Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður/Túngata)
Sigríður Guðmundsdóttir Hammer (Laut)
Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)
Bergsteinn Ólafsson (Íþróttamiðstöð)
Valgerður S. Valmundsdóttir (höfnin)
Sigurður R. Karlsson (Þjónustumiðstöð)

1. **Skipun nefndar** - Bergsteinn kemur inn sem fulltrúi íþróttamiðstöðvar. Nýir meðlimir eru þá Bergsteinn, Sigurður og Valgerður, sem munu sækja vinnuverndarnámskeið þegar þau verða haldin.
2. **Aðgengi í íþróttamiðstöð** - nokkuð hefur borið á að gestir íþróttamiðstöðvar á viðburðum séu að villast um ganga hússins sem ekki eru opnir. Einnig að börn villist í gegnum neyðarútganga inn á sundlaugarsvæðið eftir lokun sundlaugar. Huga þarf að því að hefða aðgengi án þess þó að loka á neyðarútganga.
3. **Loftgæði í íþróttamiðstöð** - kvartað hefur yfir því að hiti í búningsklefum íþróttamiðstöðvar sé of mikill, í kringum 27° þegar heitast er. Bæði starfsfólk og gestir hafa kvartað yfir þessu. Vinnuaðstæður við þrif séu erfiðar og gestir halda áfram að svitna eftir sturtu. Nefndin beinir þeirri tillögu til forstöðumanns hvort ekki megi láta loftræstikerfið ganga allan sólarhringinn til þess að tempra hitann.

Þá hefur einnig verið bent á að laga þurfi stjórnkerfi gólfhitans, en honum er ekki hægt að stjórna nema að annað hvort hafa kveikt eða slökkt.
4. **Heilsustyrkur í starfsmannastefnu** - vinnuverndarnefnd fagnar ákvörðun bæjarstjórnar að hækka upphæð heilsustyrks í starfsmannastefnu. Nefndin hvetur bæjarstjórn til að láta ekki staðar numið hér og útvíkka úthlutunareglurnar þannig að sem flestir starfsmenn geti nýtt sér styrkinn. Gerir nefndin eftirfarandi tillögu að breytingu 9. Liðar þannig að engar takmarkanir verði á búnaðarkaupum og að hann verði einfaldlega svohljóðandi: *9. Kaupa á íþróttabúnaði til eigin nota.*
5. **Lýsing á plani við íþróttamiðstöðina** - á torginu við íþróttamiðstöðina er áberandi skortur á lýsingu, einungis er ratbjart. Hafa borist margar ábendingar um að aðkoman að húsinu sé of dimm og þá þurfa nemendur úr Hópsskóla að ganga í töluverðu myrkri þegar þeir koma í leikfimi. Nefndin beinir þeirri tillögu til sviðsstjóra að lýsing verði bætt á svæðinu hið fyrsta.